

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Gljúfrasteins – húss skáldsins.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 14. júní 2013 stofnskrá Gljúfrasteins – húss skáldsins.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 25. júní 2015.

F.h. safnaráðs,

Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ Gljúfrasteins – húss skáldsins.

1. gr.

Gljúfrasteinn – hús skáldsins starfar á grundvelli gjafabréfs sem undirritað var þann 21. apríl 2002 af Auði Sveinsdóttur f.h. fjölskyldu Halldórs Laxness og Davíð Oddssyni forsetisráðherra. Gljúfrasteinn opnaði sem safn 4. september 2004 en fjölskylda Halldórs Laxness seldi íslenska ríkinu húsið og þau listaverk sem það prýða árið 2002 þegar 100 ár voru liðin frá fæðingu skáldsins. Við sama tækifæri gaf fjölskyldan allt innbú samkvæmt gjafabréfi.

2. gr.

Gljúfrasteinn – hús skáldsins er safn í eigu íslenska ríkisins og fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn þess.

Hlutverk safnsins er að sýna heimili Halldórs Laxness sem lifandi safn og standa vörð um lífsstarf hans. Áhersla er lögð á að safna, varðveita, rannsaka og miðla þekkingu um verk Halldórs Laxness og ævi hans og miðla þeim fróðleik meðal annars með sýningum, útgáfum og öðrum hætti.

Allir munir Gljúfrasteins skulu skráðir í viðurkennt skráningarkerfi. Safnið starfar samkvæmt söfnunar- og sýningarstefnu sem miðar að því að taka við og halda til haga öllu því er viðkemur Halldóri Laxness, verkum hans og ævi.

Safnið lánar öðrum söfnum muni á sýningar í samræmi við reglur þar að lútandi.

3. gr.

Kostnaður af rekstri Gljúfrasteins – húss skáldsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Sértekjur safnsins eru skilgreindar í fjárlögum og verða til vegna aðgangseyris, sölu minjagripa, sérstakra viðburða eða fjárfamlaga.

Safnið starfar í almannabágu.

4. gr.

Ráðherra ræður safnstjóra. Um kjör fer skv. launasamningi BHM við ríkið. Ráðinn skal maður með háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Stjórn Gljúfrasteins er ráðgefandi um ráðningu forstöðumanns.

Safnstjóri stjórnar starfsemi og rekstri safnsins. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið.

5. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn sem er forstöðumanni Gljúfrasteins til ráðgjafar.

Bandalag íslenskra listamanna tilnefnir einn fulltrúa, fjölskylda Halldórs Laxness einn og einn er skipaður án tilnefningar og skal sá vera formaður.

Nr. 882

25. júní 2015

6. gr.

Safnið starfar samkvæmt safnalögum og öðrum þeim lögum sem starfsemi þess fellur undir. Safnið skal fylgja alþjóðlegum siðareglum safna sem útgefnar eru af Alþjóðaráði safna, ICOM (International Council of Museums).

7. gr.

Gljúfrasteinn og safnkosturinn er í eigu ríkisins. Komi til þess að safnið verði lagt niður í númerandi mynd skal ráðuneyti mennta- og menningarmála tryggja að safnkosti þess verði ráðstafað í samráði við Þjóðminjasafn Íslands.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2015